



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgötu 7

101 Reykjavík

Reykjavík 21. nóvember 2023

2311022SA VRB/ KÓ

Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á skipulagslögum. Tímabundnar uppbyggingarheimildir. Mál nr. 223/2023 í samráðsgátt stjórnvalda.

Vísað er draga að frumvarpi sem er að finna í samráðsgátt stjórnvalda í **máli nr. S-223/2023**. Um er að ræða breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010.

Almennt um frumvarpið.

Í ljósi þess frumvarps sem nú er til umfjöllunar skal tekið fram að fulltrúar sambandsins hafa átt aðkomu að mótun tillögunnar á fyrri stigum. Má þar nefna starfshóp um umbætur á húsnæðismarkaði sem skipaður var árið 2022. Sambandið átti tvo fulltrúa um starfshópnum, sem skilaði [skýrslu](#) sinni í maí 2022. Í skýrslu starfshópsins voru settar fram 28 tillögur í sjö málaflokkum.

Til að fylgja eftir tillögum starfshópsins hófust viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um gerð rammisamnings. Átti sambandi þannig aðkomu að gerð [rammasamnings](#) um húsnæðismál sem var undirritaður hinn 12. júlí 2022. Tilgangur samningsins er að auka framboð nýrra íbúða til að mæta fyrirsjáanlegri íbúðapörf ólíkra hópa samfélagsins til skemmri og lengri tíma og stuðla að auknum stöðugleika og jafnvægi á húsnæðismarkaði á næstu tíu árum. Um er að ræða fyrsta samning milli ríkis og sveitarfélaga af þessum toga. Samningnum fylgir viðauki sem er aðgerðaráætlun með tuttugu og fjórum tímasettum aðgerðum. Frumvarp þetta er ein af aðgerðum sem ríki og sveitarfélög eru sammála um að lögð verði áhersla á og er að finna í aðgerðarskjalinu, merkt sem aðgerð D6.

Þá hefur sambandið ennfremur átt afar góðar samræður við SHH, Reykjavíkurborg og ráðuneytið varðandi efni frumvarpsins og undirbúning umsagnar.

Athugasemdir við einstaka ákvæði frumvarpsins.


Sambandið gerir ekki efnislegar athugasemdir við einstaka ákvæði frumvarpsins en telur að sama skapi mikilvægt að taka undir þau sjónarmið er fram koma í umsögnum, annars vegar samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SHH) og hins vegar umsögn Reykjavíkurborgar.

Nánar tiltekið tekur sambandið í **fyrsta lagi** undir tillögur í fyrrgreindum umsögnum sem varða breytt orðalag á 1. ml. 1. gr. frumvarpsins. Telur sambandið að fyrirbyggjandi tillögur í umsögnum að orðalagsbreytingum (sem nánast eru samhljóða) séu til bóta, m.a. þar sem þær skerpa á þeirri meginreglu sem ætlunin er að innleiða með ákvæðinu. Í **öðru lagi** tekur sambandið undir þær tillögur í umsögnum sem lúta að því að stytta gildistíma uppbyggingarheimilda þannig að hann verði 5 ár í stað 7 ár. Í **þriðja lagi** telur sambandið að skoða þurfi vel þau atriði sem Reykjavíkurborg setur fram í umsögn sinni og varða sjónarmið um mögulega bótaskyldu sveitarfélaga.

Sambandið lýsir sig reiðubúið til áframhaldandi samstarfs og er reiðubúið að koma á fund ráðuneytisins komi fram beiðni þar um.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Valgerður Rún Benediktsdóttir

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs